

Skerpa 1 – kennsluleiðbeiningar

Undirbúningur lotukennslu

Allar lotur eru eins upp byggðar. Nemendur fá í upphafi hverrar lotu allt námsefni hennar afhent, hvort sem kennari bætir við efni bókarinnar eða heldur sig við hana. Nemendum er einnig afhentur leslisti og verkefnaskrá þar sem kennari er búinn að skipuleggja nám næstu þriggja vikna. Mikilvægt er að kennari útskýri vel fyrir nemendum gang lotunnar og mikilvægi þess að hver nemandi beri ábyrgð á sínu eigin námi.

Að þessu öllu loknu hefst hið eiginlega nám. Kennari leggur efni lotunnar inn í litlum skömmtum samkvæmt verkefnaskránni. Gott er að miða við að innlögn taki ekki mikið lengri tíma en 10–15 mínútur. Umræður, þegar þær fara fram, geta auðvitað tekið lengri tíma. Að innlögn lokinni ættu flestir nemendur að geta sinnt náminu sínu. Kennari getur þá sinnt betur þeim nemendum sem ekki skilja efnið að lokinni innlögn.

Margir nemendur geta lesið sér til og skilið námsefni án þess að fylgjast með innlögn kennara. Sjálfsgagt er að leyfa nemendum að fara sínar leiðir í náminu, við tileinkum okkur hlutina á misjafna vegu. Aldrei ætti að halda aftur af nemanda sem vill sýna sjálfstæð vinnubrögð svo lengi sem hann skilur það sem hann er að vinna með.

Til að nemendur fylgist vel með hvað tímanum líður er upplagt fyrir kennara að hafa alltaf skráð á töflunni hvaða lota og vika er í gangi og hvaða dag lotuprófið og verkefnaskil eru.

Gott er að nemandi kanni stöðu sína með sjálfsprófi í lok lotu og geti þá fyllt í götin ef á þarf að halda.

Á prófdegi skilar nemandi fullkláruðum verkefnum lotunnar í þar til gerðri möppu. Best er að nota litlu þunnu plastmöppunnar. Margir hafa til siðs að hafa lokaskiladag fastsettan og draga nemendur niður í einkunn ef hann er ekki haldinn til að kenna nemendum mikilvægi þess að fylgja skipulagi.

Sá nemandi sem vinnur hraðar en gengur og gerist og er löngu fyrir lotuprófsdag búinn að ljúka allri vinnu lotunnar og sýna kennara úrlausnirnar þarf að fá að taka lotuprófið strax og halda áfram. Hann tekur b-útgáfu lotuprófsins sem er án stafsetningar og getur þá tekið stafsetningarhlutann með öðrum nemendum á tilsettum tíma.

Hvernig er farið yfir lotu? Þegar nemendur skila lotu er komið að yfirferð kennara. Best er að fara yfir hvern þátt lotunnar fyrir sig þar sem gefin er einkunn fyrir hvern þátt. Misjafnt er eftir kennurum hvernig þeir vilja fara yfir lotur. Til þess að vinnan verði kennara ekki ofviða er gott að hann skanni hluta verkefnanna en fari vel yfir einstök verkefni. Gott er að fara vel yfir skyggðu verkefni þar sem þau endurspeglu oft aðalumfjöllunarefni hvers þáttar. Nákvæm yfirferð á öllum verkefnum er ekki í boði enda er ekki ætlast til þess. Farið yfir valin verkefni.

Tillaga að yfirferð:

1. Kennari skannar hversu mörg verkefni eru samviskusamlega unnin. Hálfunnin og illa unnin verkefni teljast vera óunnin. Hafi verið 20 verkefni í þættingum (málfræðihlutunum sem dæmi) og nemandi unnið 15 þeirra vel, byrjar hann með einkunnina 7,5 í málfræði ($15/20 = 0,75$).

2. Kennari skannar verkefnin og fer vel yfir valin verkefni úr þættinum (hlutanum sem verið er að fara yfir). Séu þau fullkomlega unnin heldur hann einkuninni 7,5 en séu þau það ekki lækkar hann með tilvísun í það hvernig þau eru unnin.
3. Kennari þarf að gæta þess að sami kvarði sé notaður á alla nemendur.

Vefur Skerpu

Vefurinn inniheldur ýmis gögn sem nýtast kennara við undirbúning og yfirferð lotu, s.s. einkunnaforrit og glærusafn. Ef þú ýtir á myndirnar af glærunum hér í kennsluleiðbeiningunum ferðu beint inn á síðuna sem sýnir þau glærusöfn sem til eru. Vef Skerpu finnur þú á slóðinni <http://skerpa.forlagid.is>.

Hér má sjá þau gögn sem fylgja á vef Skerpu. Aðgangur er bundinn við lykilorð sem hverjum skóla fyrir sig er úthlutað. Lausnir við verkefnabókum, lotupróf og lausnir við þeim fást sendar í tölvupósti.

Um Skerpu

Kennsluleiðbeiningar

Skerpa 1

1. Kennsluleiðbeiningar - Nýtt 2012
2. Excel skjal – einkunnaskjal
3. Einkunnaskjal – fyrir Office 2003
4. Hjálp – með einkunnaskjali
5. Vægi námsþátta í Skerpu 1
6. Yfirferð lotu
7. Bréf til foreldra barna í 8. bekk
8. Ritun
9. Ritun – fyrirgjöf
10. Ritun á unglingsstigi

Hjálpargögn

Skerpa 1

1. Leslistar og verkefnaskrár
3. Bygging ævintýra
4. Endursagðar sögur af goðunum
5. Stafsetning til upplesturs

6. Upprifjunarhefti með Skerpu 1

7. Próf með upprifjunarhefti

8. Kennslukver í málfræði

9. Kennslukver í ritun

10. Hugtakalisti í málfræði

11. Hugtakalisti í bókmenntum

Glæsur

1. Bókmenntir

2. Fallorð

3. Framsögn

4. Hljóðfræði

5. Ljóð

6. Lykilritun

7. Orðapíramídinn

8. Orðhlutar og orðmyndun

9. Ritgerðasmíð – ferilsritun

10. Rökfærslurritun

11. Sagnorð

12. Skapandi ritun

13. Smáorð

Kennsluleiðbeiningar – lota 1

Markmið

Markmiðið er að læra að nýta sér orðabækur. Nemendur kynnst uppflattimyndum orða og læra hvernig lesa megi beygingu orða út frá kenniföllum. Stafróf og atkvæðaskipting er einnig rifjuð upp.

Í stafsetningu er megináherslan lögð á stóran og lítinn staf ásamt almennri greinarmerkjasetningu.

Í ritun er lagður grunnur að einnar efnisgreinar ritun og uppbyggingu hennar.

Málfræði

Rifjað er upp stafróf, atkvæði, samhljóð og sérhljóð. Þá er unnið með föll og fallbeygingar, auk orðabókamynda þeirra.

Glærur sem gætu hjálpað er að finna á vef Skerpu.

<http://skerpa.forlagid.is/?p=335>



Stafsetning

Í stafsetningu er unnið með greinarmerki og aldrei er lögð of mikil áhersla á stóran og lítinn staf, sérstaklega á tímum mikillar tölvunotkunar og sms-sendinga. Þótt þessi tæki séu til margra hluta nýtsamleg virðast þau draga úr notkun nemanda á stórum stöfum.

Ritun

Hér þarf að vera innlögð á einnar efnisgreinar ritun og mikill og stór glærupakki fylgir efninu sem upplagt er að nota. Mjög gott er að minna nemendur reglulega á að hver efnisgrein inniheldur eitt efnisatriði.

Bókmenntir

Nemendur lesa kjörbók og skrifa örstutta ritgerð um hana eða einhvers konar skýrslu. Þeir kennarar sem það kjósa geta útfært verkefnið og látið nemendur skrifa lengri ritgerð og tölvuvinna.

Orðasúpa

Í tengslum við ritun á stórum og litlum stöfum er unnið með mánaða- og dagaheiti og gömlu heitin dregin fram í dagsljósið.

Framsögn og tjáning

Hér fá nemendur tækifæri til að tjá sig um það sem þeir hafa verið að lesa. Kjörbókin er umræðuefnið og nemendur undirbúa sig á markvissan hátt.



Kennsluleiðbeiningar – lota 2

Markmið

Markmið lotunnar er að vinna með fallorð og festa í sessi ýmis grunnatriði þeirra, s.s. kyn, tölu og fall. Áfram er unnið með orðabókaratriði og veik og sterk beyging nafnorða og lýsingarorða fest í sessi. Þá er einnig unnið með ýmis töluorð.

Markmiðið er að festa í sessi alls kyns reglur um n-endingar í stafsetningu og að nemendur öðlist færni í að beita þeim.


Í ritun þjálfa nemendur uppbyggingu ritunar á markvissan hátt.

Tími, umhverfi og ris er til umfjöllunar í bókmenntum.

Málfræði

Unnið er með fallbeygingu á margvíslegan hátt. Sérstök áhersla er lögð á að til eru eintöluorð og fleirtöluorð.

Hægt er að fara í alls kyns stutta leiki með nemendum til að skerpa á fallbeygingu, t.d. nefnir kennari orð og nemendur sem bent er á svara að bragði í áður uppgefnu falli með hjálparorði sem því fylgir. Spurningakeppni með fallbeygingum er einnig frábær þjálfun.



Stafsetning

Steins-reglan og minn/mín-reglan eru þær tvær n-reglur sem stöðugt þarf að hamra á og æfa. Aðrar reglur fylgja einnig með. Æfingin skapar meistarann.

Ritun

Lykilsetningar eru grunnur að allri ritun. Nemandi sem hefur hugleitt og myndað setninguna sem hann ætlar að hefja ritunina á fer yfirleitt létt með framhaldið. Í þessari lotu er unnið með byggingu efnisgreina út frá lykilsetningum. Þá eru einnig skrifuð drög að stuttri ritgerð.

Bókmenntir

Í bókmenntum lesa nemendur kjörbók sem valin er af kennara. Í mörgum tilvikum gætu allir lesið sömu bókina en einnig er hægt að hugsa sér að kennari getuskipti hópnum við lesturinn og velji þrenns konar bækur eftir getu.

Verkefni sem fylgja bókmenntum passa fyrir allar bækur.

A

Korkusaga

Garðurinn

...

B

Peð á plánetunni jörð

Þorgrímur Þráinsson, Jónína Leósdóttir ...

...

C

Fíasól

Spiderwick

...

Orðasúpa

Í landi þar sem eitt af áhugamálum fólks er veðurfar og ferðalög er nauðsynlegt að kunna skil á veðurorðum og áttum.

Framsögn og tjáning

Hér eru nemendur hvattir til samskipta við sér eldra fólk og um leið að kynna það fólk fyrir bekknum. Einnig gefst nemendum tækifæri til að þjálfra alls kyns aldurstengd orð.

Kennsluleiðbeiningar – lota 3

Markmið

Að þekkja fornöfnin og tilgang þeirra, greina þau og fallbeygja.

Geta beitt vísunni um óákveðin fornöfn til að finna þau.

Þekkja n- og nn-reglur sem tengjast fornöfnum og lýsingarorðum.

Þekkja ritunarferli vel og kunni að færa rök fyrir máli sínu.

Að nemandi viti hvað goðsögur eru.

Málfræði

Unnið er með fornöfn á margvíslegan hátt. Tilgangur þeirra er skoðaður og nemendur þjálfaðir í að flokka þau og beygja. Mikilvægt er að nemendur læri vísuna um óákveðin fornöfn og hvernig eigi að nota hana til að greina þau, sama í hvaða falli þau eru.

Stafsetning

N-reglur eru til skoðunar. Þótt áherslan sé á n-fjölda í lýsingarorðum og fornöfnum er n-fjöldi nafnorða einnig til athugunar.

Ritun

Í ritun er unnið með ferli sem hafið var í lotu 2. Nú eiga nemendur skrifa út frá punktunum frá lotu 2 og vinna með textann þannig að úr verði heildstæður texti hvað málfar og stafsetningu viðkemur.

Þar sem um ferlisritun er að ræða þarf að láta nemendur fá aukablað fyrir uppkastið því eingöngu hreinskriftin á að vera í bókinni.

Í ritun eru skoðuð mismunandi tengiorð, svo sem samtengingarnar *svo*, *eða* ... og nauðsynlegt er að ræða það við nemendur að ofnotkun tengiorða skemmir fyrir. Nemendum ber að nota punkta frekar en að tengja stöðugt saman með *og*, *en*, *eða* ...

Bókmenntir

Á vef Skerpu má finna nokkrar sögur af goðunum í endursögðum útgáfum. Kennari þarf að fjölfalda þessar sögur handa nemendum. Þessir textar eru með orðskýringum til að auðvelda lesturinn. Upplagt er einnig að kennari lesi sögurnar með nemendum og ræði þær. Þegar búið er að vinna með textana eru sögurnar túlkaðar í myndum.

Orðasúpa

Til að auka orðaforða er unnið með andheiti lýsingarorða en einnig er stutt krossgáta. Einnig er unnið með samheiti og andheiti.

Framsögn og tjáning

Mikilvægt er að nemendur geti tjáð sig með mismunandi hætti. Leikurinn er vel til þess fallinn að æfa framsögn og tjáningu og hér fá nemendur tækifæri til að sjá sig með leikrænni tjáningu.

Kennsluleiðbeiningar – Iota 4

Markmið

Að vinna með mörg af grundvallarhugtökum sagnorða, svo sem tíð, beygingar og kennimyndir.

Í stafsetningu er áhersla á stofn sagnorða.

Þekkja einkenni þjóðsagna, ævintýra og draugasagna.

Málfræði

Mikilvægt er að á þessu stigi sé fest vel í sessi að aðaleinkenni sagnorða sé tíðbeygingin. Þá þarf að leggja áherslu á að nemendur þekki mun á einkennum veikra og sterkra sagna, þ.e. reglulegra og óreglulegra. Skemmtilegt er að ræða um að þegar ný sögn kemur í málið er hún alltaf veik og því regluleg. Upplagt er að fá nemendur til að búa til sögn yfir eitthvað sem stendur þeim nærri og jafnvel að íslenska í leiðinni einhverja tökusögn. Sem dæmi má nefna sögnina „að seiva“ (enska save) sem er notuð mikið í tölvumáli. Samhliða þessari umræðu er vert að ræða um sterku sagnirnar og hversu mikið þær eru notaðar í íslensku þrátt fyrir að þær tilheyri ekki fjölmennasta hópnum.

Mikilvægi kennimyndabeygingar verður aldrei ofmetið þar sem kennimyndirnar hjálpa okkur á svo margvíslegan hátt, s.s. með stafsetningu.

Þegar við skammstöfum notum við punkta til að sýna fjölda orða. Misjafnt er hvort aðeins einn stafur eða fleiri eru látnir tákna hvert orð. Þar ræður oftast hvort orðið er samsett eða ekki.

Stafsetning

Hér er unnið með stofn sagna og hvernig hann segir til um ritháttinn. Mjög nauðsynlegt er að nemendur átti sig á að stofninn getur hjálpað þeim að rita rétt.

Einnig er unnið með ýmsar j-reglur en mikilvægust er sjálfsagt reglan í verkefni 6.

Ritun

Í rituninni er skoðaður orðaforði draugasögu, tröllasögu og ævintýris. Nemendur semja einnig smásögu í anda einhverra þessara þriggja.

Tilfinningar byggja á skoðunum og til að tjá tilfinningar sínar þarf maður að færa rök fyrir því sem maður hefur skoðun á. Enn og aftur er því skrifuð rökfærsluritun þótt hér sé hún með tilfinningalegra ívafi en oft áður. Mjög mikilvægt er að áður en hafist er handa við ritunina að minna nemendur á að nota punkta en ekki óþarfa tengiorð.

Bókmenntir

Hér lesa nemendur nokkrar sögur, þjóðsögur og ævintýri. Vinna ritunar- og greiningarverkefni út frá þeim. Einnig fá nemendur tækifæri til að tjá sig á skapandi hátt, s.s. með því að búa til nýjan endi, teikna og fleira.

Auðvelt er að finna þessar sögur á vefnum snerpa.is/net.

Orðasúpa

Auk hefðbundinna krossgátna vinna nemendur með hlutlæg og huglæg orð.

Lýsandi orð – í þessu verkefni er unnið með alls kyns lýsandi orð sem tengjast dýrum. Ætlast er til að hvert dýraheiti sem stendur til vinstri á síðunni sé tengt við öll þau lýsingarorð sem hægt er að tengja þau við. Vel má hugsa sér að notuð séu fleiri orð en þau sem eru á síðunni ef kennara finnst það við hæfi. Varast ber að láta það rugla sig að efst í verkefninu tengjast orðin beint (hundvotur, hundgamall, kattþrifinn) en eftir það eru tengingarnar óreglulegri.

Framsögn og tjáning

Flökkusaga er saga sem gengur á milli fólks og breytist óhjákvæmilega við það.

Kennari getur fundið sögu eða samið sjálfur, oft er gaman að hafa sögu um nemendur.

Hluti bekkjarins er sendur fram á gang og aðrir eru inni í stofu. Í stofunni er síðan stillt upp borði með tveimur stólum. Kennari les söguna fyrir þá nemendur sem eru inni í stofunni og einn nemandi fær síðan það hlutverk að endursegja söguna. Þá er kallaður inn einn af þeim nemendur sem var frammi á gangi, hann hlustar á endursögnina og á síðan að segja næsta nemanda. Þannig gengur þetta koll af kalli og í lokin les kennarinn söguna aftur. Þá er hægt að ræða hvað gleymdist, hvað bættist við og fleira.

Nemendum finnst þetta mjög skemmtilegt og þetta gefur kennara gott tækifæri til að ræða gróusögur, baktal og fleira sem er hluti af lífi nemenda og hvaða ábyrgð þeir bera o.s.frv.

Kennsluleiðbeiningar – Iota 5

Markmið

Þekkja óbeygjanleg orð og vita hvað greinir þau frá öðrum orðum. Sérstök áhersla er lögð á að nemandi þekki einkenni forsetninga og hlutverk þeirra.

Í stafsetningu eiga nemendur að þekkja helstu y-reglur.

Í bókmenntum eiga nemendur að hafa lesið Íslendingasögu og geta tjáð sig um hana.

Málfræði

Í þessari kennslubók höfum við kosið að nota hugtakið óbeygjanleg orð en ekki smáorð. Það gerum við vegna þess að það ruglar nemendur mjög mikið að smáorð eru ekkert endilega smá. Hugtakið óbeygjanleg orð er miklu meira lýsandi fyrir þennan orðflokk enda þekkjum við flokkinn á því að við getum ekki fallbeygt orðin þótt einstaka atviksorð stigbreytist.

Forsetningar stýra orðum í aukaföll. Nemendur þekkja forsetningarnar *um*, *frá* og *til* enda vanir þeim úr fallbeygingu. Gott er samt að minna þá á þessar þrjár forsetningar og skoða og ræða vel hvernig forsetningar stýra alltaf falli. Það er allt í lagi að ræða einnig að til eru forsetningar sem stýra tveimur föllum en áherslan skyldi samt vera á hinar.

Um leið og rætt er um forsetningar er gott að sýna þeim fram á að ekki er hægt að flytja til forsetningu í setningu nema flytja einnig orðin sem hún stýrir. Forsetning og orðin sem hún stýrir standa alltaf saman.

Samanber setninguna: Í dag er gott veður. * Gott veður í er dag.

Stafsetning

Hér er unnið með i-hljóðvarpið. Þótt það hugtak sé nemendum ekki tamt á þessu stigi er sjálfsagt að þau heyri það nefnt. Sniðugt er að fara í leiki með nemendum í tengslum við þetta. Kennari nefnir orð og nemandi á að svara með því að stafa fleirtölu orðsins og þannig kemur fram hvort orðið er með y eða ekki. Hér er fyrirmyndin ameríska aðferðin.

Í tengslum við y-reglur eru skoðuð samhljóma orð sem ýmist eru skrifuð með y eða ekki. Þetta er ekki síst gert til að sýna fram á hversu mikilvægt það er að stafsetja rétt.

Ritun

Unnið er með Íslendingasöguna sem lesin er í lotunni. Nemendur skrifa endursagnir og túlka persónu.

Bókmenntir

Í bókmenntum svara nemendur beinum spurningum um eitt og annað úr sögunni. Það skiptir miklu máli að kennari hafi áður en nemendur byrja að svara rætt við þá um hvernig eigi að svara spurningum. Ávallt skal svara með heilum málsgreinum og best er að efni spurningarinnar sjáist í svarinu. Ef spurt er um hvar á landinu saga gerist þá ætti nemandi að byrja svar sitt á: Sagan gerist á ...

Orðasúpa

Í orðasúpu er eins og áður unnið að því að auka orðaforða nemenda. Að þessu sinni eru veðurorð höfð í huga en einnig ýmis skemmtileg orðasambönd sem nemendur eiga án efa eftir að heyra af og til á ævinni. Að auki er unnið með orðatiltæki og málshætti.

Framsögn og tjáning

Hér er verið að leika orð eins og vinsælt er í Útsvari og í spilinu Actionary.

Kennsluleiðbeiningar – Iota 6

Markmið

Þekkja einkenni samtenginga, finna þær í texta. Einnig hafa nemendur í huga að stilla notkun þeirra í hóf í ritun.

Í bókmenntum skoða nemendur einkenni smásögunnar og læra að greina aðalpersónur frá aukapersónum.

Í ritun er unnið með skoðanir og rökstuðning á þeim auk þess sem hefðbundið bréf er skoðað.

Málfræði

Í málfræði vinna nemendur með samtengingar á ýmsa vegu. Um leið og nemendur læra að greina samtengingar þurfa þeir einnig að hugleiða að ofnota þær ekki í ritun.

Stafsetning

Unnið með granna og breiða sérhljóða í tengslum við ng- og nk-regluna.

Oft vefst fyrir nemendum hvort rita eigi stóran eða lítinn staf í þjóðerni, löndum, tungumálum og fleiru. Hér er verkefni tengt þjóðerni og gott að nota tækifærið til að ræða þessi orð við nemendur (t.d. sk-reglan).

Greinarmerkjasetning er þjálfuð í ritun þar sem nemendur vinna með fyrir fram gefin orð.

Ritun

Á tímum mikilla tölvusamskipta virðist sem hefðbundin bréfauppsetning sé að fara forgörðum. Í rituninni er þess vegna unnið með uppsetningu bréfa, bæði formlegra og óformlegra. Mikilvægi ávarpa og kveðjuorða er sjálfsagt að ræða við nemendur og hversu ólík þau hljóti að vera eftir því hver viðtakandi bréfsins er.

Bókmenntir

Nemendur vinna með ýmis bókmenntahugtök í tengslum við lestur smásagna. Um er að ræða verkefni sem virðast stutt en þau kalla á að nemendur séu vel inni í sögunni og hafi greint hana vel.

Hverri sögu fylgir stutt álitsgerð nemanda og sjálfsagt er að minna á að alltaf þarf að rökstyðja.

Orðasúpa

Farið í orðaleiki til að auka orðaforða og málfærni og unnið með orðtök, þvers og kruss og fleira.

Framsögn og tjáning

Hlutur úr æsku kynntur. Nemendur kynna hlut og færa rök fyrir því af hverju hann er þeim mikilvægur.

Kennsluleiðbeiningar – Iota 7

Markmið

Kynnast upphrópunum og atviksorðum. Þá læra nemendur hvernig atviksorð eru notuð til að lýsa öðrum orðum. Einnig er unnið með stofn nafnorða, sagnorða og lýsingarorða.

Þjálfar lestur og lesskilning.

Málfræði

Þegar unnið er með atviksorð er mjög gott að sýna nemendum fram á það að hvernig þau eru í raun notuð til að lýsa öðrum atviksorðum, sagnorðum og lýsingarorðum. Einnig þarf að ræða að atviksorð eru óbeygjanleg orð og því ekki hægt að fallbeygja þau. Atviksorðum og lýsingarorðum er oft ruglað saman þar sem sum atviksorð stígbreytast og sum lýsingarorð stígbreytast ekki (nema með meira og mest) en þarna greinir fallbeygingin á milli.

Setningarleg staða atviksorða hjálpar mörgum að ná góðum tókum á atviksorðunum. Þess vegna er gott að ef nemandi er að vinna með orð sem hann heldur að sé atviksorð að hann myndi þá spurningar með *hvernig*, *hvenær*. Ef orðið getur verið svar við þeirri spurningu þá er það atviksorð. Gott að skoða verkefni 5–8 í þessu samhengi. Atviksorð hafa þá sérstöðu að það er hægt að nota þau á mörgum stöðum í málsgreinum. Í verkefni 9 leika nemendur sér með atviksorð á þennan hátt.

Stafsetning

Hér er unnið með stofn orða enda skiptir stofn verulegu máli í réttitun. En þá er einnig unnið með fallbeygingu og sambeygingu tveggja mannanafna. Viðurnefni eru skoðuð.

Ritun

Skapandi skrif eru viðfangsefni ritunarinnar. Áður en nemendur skrifa söguna ætti að fá þá til að skrifa tíu punkta á blað um það um hvað sagan eigi að vera þannig að sagan verði markvissari.

Bókmenntir

Í bókmenntum er viðfangsefnið lestur og þar með lesskilningur en einnig vinna nemendur stutt verkefni úr bókinni.

Orðasúpa

Unnið er með ýmis orðaforðaverkefni.

Framsögn og tjáning

Nemendur segja sögu, skríttlu eða annað og hér er upplagt að lesa sína eigin sögu upphátt. Hér er gott tækifæri fyrir kennara að spjalla um ýmis atriði sem tengjast framsögn.

Kennsluleiðbeiningar – Iota 8

Markmið

Unnið er með orðhluta og stofna, ekki síst í tengslum við réttitun.

Í bókmenntum er unnið með myndmál og greiningu á því í textum. Þá er unnið með ljóðstafi og rím.

Málfræði

Unnið er með ýmiss konar orðhluta og nemendur eru látnir gera góðan greinarmun á forskeytum og viðskeytum. Þótt nemendur séu ekki látnir vinna með orðflokka viðskeytanna þá er sjálfsagt að orða það við nemendur og sýna þeim hvernig viðskeyti geta breytt orðflokkum á meðan forskeyti gera það alls ekki.

Dæmi: að saga (so.) – sögun (no.) að hanna (so.) – hönnun (no.)

Dæmi: þæg (lo.) – óþæg (lo.)

Stafsetning

Í stafsetningu vinna nemendur með ýmis stafsetningaratriði sem áður hafa verið kennd. Kennari ætti enn og aftur að ræða mikilvægi þess að skrifa stóra stafi á viðeigandi stöðum, sérstaklega í ljósi þess að í blogg- og fasbókarfærslum virðist sem notkun á stórum staf í mannanöfnum sé á undanhaldi.

Ritun

Það hefur löngum verið leikur Íslendinga að skrifa ferskeytlur. Í rituninni hér fá nemendur tækifæri til slíks.

Örsagan er ljóðrænt form sem gaman er að leika sér með.

Bókmenntir

Ljóðavinna.

Orðasúpa

Mörg skemmtileg verkefni sem auka orðaforða.

Framsögn og tjáning

Ræða þar sem nemendur fá stuttan undirbúning. Sjálfsagt er að kennari segi nemendum hvað eigi að gera; kynna sig, rökræða efnið ... allt eftir viðfangsefni ræðunnar.